

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Vesturvör 44-48. Sky Lagoon. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturvör 44-48.

Í breytingunni felst að byggingarreitir fyrir núverandi gufubaðsskála er stækkaður um 28 m til suðurs, úr 16 m í 44 m á breidd. Miðað er við að gufubaðsskálinn verði áfram stakstæði bygging.

Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulagsskilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 1. febrúar 2022.*

**Smári Smáráson** aðstoðarskipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 7. febrúar 2022